

Hafnarfirði 4. maí 2020.

Fræðsluráð Hafnarfjarðar

## Mál 1804224 - Skóladagatöl 2019-2020

**Efni: breytingar vegna skerðingar á skólastarfi á cóníð tíma með samkomutakmörkunum**

### Grunnskólar

Skóladagatöl grunnskóla eru ákveðin áður en skólaárið hefst, eða í upphafi almanaksárs ár hvert fyrir næsta skólaári ár eftir. Átta grunnskólar bæjarins þurfa að uppfylla viðmið um 180 daga kennslu fyrir nemendur og átta vinnudaga (starfs-/skipulagsdagar) utan nemendadaganna 180 og fimm innan þeirra. Í stöku tilvikum hefur verið gerð undantekning frá þessu, þ.e. mögulega með tilfærslu á skipulagsdögum vegna sérstakra aðstæðna, t.d. til að nýta dagana í námsferðir til útlanda. Fræðsluráð samþykkti á 437. fundi þann 8. apríl 2020 að gefa möguleika á að breyta starfsdögum vegna aðstæðna í skertu skólalaldi vegna covid-19 samkomutakmarkana en æskja samt áfram samráðs einstakra skólastjóra við skólaráð viðkomandi skóla ef slíkt þyrfti að koma til.

Af grunnskólunum átta var staðan sú að einn skóli, Skarðshlíðarskóli, hafði skipulagt tvo starfs-/skipulagsdaga (22. og 24. apríl sem lágu að sumardeginum fyrsta) sem lentu inn í tímanum á meðan skert skólalald var í gangi. Skólinn hafði ráðgert að fara til útlanda í námsferð og óskaði eftir tilfærslu á þeim. Þá kom upp sú staða hvort leggja bæri þá af en niðurstaða umræðunnar var sú að það væri kjarasamningsatriði sem ekki væri hægt að breyta. Því varð að finna aðra lausn með umrædda daga. Niðurstaðan varð sú að setja starfs-/skipulagsdagana tvo á nýjar dagsetningar, annan þann 30. apríl og hinn þann 9. júní. Tveir skólar, Hraunvallaskóli og Öldutúnsskóli, höfðu þegar fengið samþykktan 9. júní sem starfs-/skipulagsdag þar en þeir höfðu ráðgert námsferð til útlanda á þeim tíma. Þeir skólar spurðu um sjónarmið skrifstofunnar til þess að færa umræddan starfs-/skipulagsdag til 4. maí vegna aðstæðna, þ.e. þeir gátu ekki farið til útlanda og töldu starfs-/skipulagsdaginn 4. maí nýttast sér betur en 9. júní úr því sem komið væri. Þar sem mikil áhersla var lögð á að hefja hefðbundið skólastarf strax að afléttu samkomubanni í skólum skyldi skólalald hefjast hjá nemendum þann 4. maí væri ekki möguleiki að færa á þann dag.

Sameiginlegur starfs-/skipulagsdagur grunnskóla og leikskóla Hafnarfjarðar sem áætlaður er þann 29. maí heldur sér. Að öðru leyti halda starfs-/skipulagsdagar grunnskóla Hafnarfjarðar.

### Leikskólar

Skóladagatöl leikskóla eru ákveðin áður en skólaárið hefst. Sjö leikskólar höfðu óskað eftir því að taka tvo samliggjandi starfsdaga í apríl, maí og júní. Þar sem ekki verður hægt að koma þessum dögum fyrir innan skóladagatala þessa skólaárs, falla þeir niður.

Sameiginlegur starfsdagur leikskóla Hafnarfjarðar verður haldinn þann 29. maí nk. að undanskildum leikskólanum Hlíðarenda sem heldur sinn dag þann 22. maí. Í staðinn verður opið þann 29. maí.



Jenny Dagbjört Gunnarsdóttir, þróunarfulltrúi leikskóla



Vigfús Hallgrímsson, þróunarfulltrú grunnskóla